

Ár 2024, mánudaginn 6. maí kl. 20:00 hittist yfirkjörstjórn Fjarðabyggðar að Strandgötu 19a á Eskifirði. Mætt eru; Gísli M. Auðbergsson, Kristjana Mekkín Guðnadóttir og Agnar Bóasson.

Tekin eru fyrir eftirfarandi mál:

#### **Kjörfundir:**

Yfirkjörstjórn telur rétt að kjörstaðir verði þeir sömu og í undanförunum kosningum í Fjarðabyggð og ákveður sömuleiðis að opnunartímar kjörstaða verði frá kl. 09:00 til kl. 22:00 á öllum stöðum nema í Mjóafirði en þar verði opin frá kl. 09:00 og kjörfundi þar skuli ljúka strax og unnt er skv. 91. gr. kosningalaga nr. 112 frá 2021, en þó ekki fyrr en kl. 14:00 og ekki síðar en kl. 17:00. Gísli upplýsir að hann hafi 1.-2. mars samið um afnot af viðkomandi húsnæði við húsráðendur.

Kjörstaðirnir eru þá þessir:

Breiðdalur	Grunnskólinn
Eskifjörður	Eskifjarðarkirkja
Fáskrúðsfjörður	Skólamiðstöðin
Mjóifjörður	Sólbrekka
Norðfjörður	Nesskóli
Reyðarfjörður	Safnaðarheimilið
Stöðvarfjörður	Grunnskólinn

Gísli er falið að senda til Fjarðabyggðar þessar upplýsingar.

#### **Auglýsingar:**

Samin er auglýsing kjörfundar í Fjarðabyggð og Gísli er falið að fá hana birta í Dagskránni og á vef Fjarðabyggðar og tilkynna Landskjörstjórn. Þó með fyrirvara um samþykki bæjarráðs á ofangreindri tillögu.


#### **Utankjörfundaratkvæðagreiðsla:**

Ekki er gert ráð fyrir að boðið verði upp á utankjörfundaratkvæðagreiðslu á öðrum stöðum í Fjarðabyggð en á skrifstofu sýslumanns og á stofnunum skv. nánari ákvörðun sýslumanns. Yfirkjörstjórn telur ekki ástæðu til að gera athugasemd við þetta.

#### **Aðföng og annar undirbúningur:**

Rætt er vítt og breitt um aðföng og undirbúning. Ákveðið að funda aftur þriðjudaginn 14. maí nk. kl. 20:00 og halda áfram undirbúningi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:16

  
Gísli M. Auðbergsson